

Mál nr. 161/2019**M og
V vegna bóta úr sjúkdómatryggingu****Ágreiningur um bótaskyldu úr sjúkdómatryggingu hjá V vegna Myositis-Myopathy****Gögn.**

Málskot móttékið 02.05.2019 ásamt fylgiskjöllum.

Bréf V dags. 08.05.2019 ásamt tveimur fylgiskjöllum.

Málsatvik.

Á árinu 2017 eða 2018 greindist M með sjúkdóminn Myositis-Myopathy en um er að ræða vöðvarýrnunarsjúkdóm, sem m.a. veldur því að M á erfitt með gang. Í kjölfar greiningar sótti M um bætur úr sjúkdómatryggingu hjá V sem hafnaði kröfu hans hinn 15. apríl 2019 á þeim forsendum að sjúkdómurinn væri ekki meðal þeirra sem taldir eru upp sem bótaskyldir í skilmálum sjúkdómatryggingar M hjá félaginu.

M mótmælir þessari afstöðu og telur V reyna að skjóta sér undan greiðsluskyldu með því að vísa til þess að nákvæmlega þessi sjúkdómur sé ekki talinn upp í skilmálum. Um sé að ræða alvarlegan vöðvarýrnunarsjúkdóm og sjúkdómatrygging væri rangnefni féllu slíkir sjúkdómar ekki undir gildissvið hennar.

Í bréfi sínu til nefndarinnar lýsir V þeirri afstöðu sinni að 3. gr. viðkomandi skilmála innihaldi tæmandi upptalningu á þeim sjúkdómum sem bótaskylda ná til. Myositis-Myopathy sé ekki þar á meðal og þar af leiðandi sé það ekki bótaskyldur atburður samkvæmt viðeigandi vátryggingarskilmálum að greinast með sjúkdóminn. Hafnar félagið því kröfu M.

Álit:

Í 3. gr. skilmála sjúkdómatryggingar sem viðauka líftryggingar M hjá V, EC1023, eru taldir upp tæmandi talningu þeir sjúkdómar sem leiða til þess að bótaskylda stofnist úr vátryggingunni. Þá er í 5. gr. tekið fram að aðrir atburðir en þeir sem taldir eru upp sem bótaskyldir í 3. gr. leiði ekki til greiðsluskyldu. Myositis-Myopathy er ekki meðal þeirra sjúkdóma sem taldir eru upp í umræddri 3. gr. og þar sem umræddar skilmálagreinar eru svo afdráttarlausar sem raun ber vitni er ekki tilefni til að túlka þær á annan hátt en orðalag þeirra gefur til kynna.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr sjúkdómatryggingu hjá V.

Reykjavík 13. júní 2019

Sóley Ragnarsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson lögfr.

Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfr.